

## Samantekt ágalla vegna kosninga til stjórnlagabings.

1. Hugleiðing varðandi 12. gr. laga um stjórnlagabing og 5. gr. laga um breytingar á lögum um stjórnlagabing.

Í 12. gr. laga um stjórnlagabing segir: „Kosningu utan kjörfundar skal hefja sautján dögum fyrir kjördag. Þar sem atkvæðagreiðsla fer fram skal kjörstjóri hafa aðgang að sérstakri skrá, utankjörfundarskrá, sem skal vera á rafrænu formi og sækir gögn í rafrænu kjörskrána. Í rafrænu kjörskránni verður sýnilegt að greitt hafi verið atkvæði utan kjörfundar, hvar það var gert og hvenær. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fer fram hjá sömu kjörstjórum og við alþingiskosningar. Henni skal lokið í síðasta lagi kl. 12 daginn fyrir kjördag. Kjósanda, sem greitt hefur atkvæði utan kjörfundar, er óheimilt að greiða atkvæði á kjörfundi.”

<http://www.althingi.is/altext/stjt/2010.090.html>

Síðar voru samþykktar breytingar á lögum um stjórnlagabing. Í 5. gr. segir: „Ef ekki reynist unnt að beita ákvæðum laga þessara um rafræna kjörskrá er dómsmála- og mannréttindaráðherra heimilt að víkja frá ákvæðum þeirra þar að lútandi. Um gerð kjörskrár vegna atkvæðagreiðslu á kjörfundi fer skv. 2. mgr. 5. gr. laga þessara og ákvæðum VI. kafla laga um kosningar til Alþingis eftir því sem við á. Kosningu utan kjörfundar skal hefja sautján dögum fyrir kjördag og henni skal lokið í síðasta lagi kl. 12 daginn fyrir kjördag. Að öðru leyti fer um kosningu utan kjörfundar eftir ákvæðum XII. kafla laga um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.“

<http://www.althingi.is/altext/138/s/1487.html>

Við framkvæmd kosninga reyndist ógjörningur að fylgja þessum ákvæðum eftir þar sem engin leið var fyrir kjörstjórn að fylgjast með því hvort kjósandi hefði kosið utan kjörfundar innan tilskyldra tímamarka eða ekki. Þannig gátu kjósendur kosið utnan kjörfundar og á kjörstað ef þeir vildu.

2. Ekki voru gerðar nægilegar ráðstafanir til að tryggja að allir kjósendur hefðu tækifæri til að kjósa, t.d. sjómenn. Vísað er til laga um um kosningar til Alþingis, XI. kafli. 48. 49. gr og XII kafli 60. gr  
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2000024.html>
3. Tilmæli ráðherra um að ekki væri nauðsynlegt að fulltrúi kjörstjórnar væri til aðstoðar fyrir blinda, sjónskerta og með eika hönd stangast á við lög, þrátt fyrir góðan vilja. Vísað er til laga um kosningar til Alþingis, XII. kafli, 63 gr.  
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2000024.html>
4. Kjörstaður á Álftanesi lokaði kl. 21 og urðu kjósendur frá að hverfa sem stóðu fyrir utan. Þeir stóðu væntanlega í þeirri trú að hægt væri að kjósa til kl. 22 eins og annars staðar. Mátti loka á Álftanesi kl. 21? Kanna þarf opnunartíma kjörstaða um allt land, því talsvert var um að undirkjörstjórnir hefðu samband við

yfirkjörstjórnir / Landskjörstjórn vegna dræmrar kjörsóknar og vilja undirkjörstjórnna tí lað komast heim. Vísað er til laga um kosningar til Alþingis, XIV kafli, 70. og 89. gr. <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2000024.html>

5. Hverfis- og undirkjörstjórnir sáu um að setja kjörkassa saman. Innsiglum á kjörkassa var dreift og fyrirmæli gefin umað innsigla bæri kjörkassa að ofan. Ekki var tilgreint að kassinn væri einnig opnanlegur neðan frá. Sumar kjörstjórnir gripu til þess að eigin frumkvæði að innsigla kjörkössa að neðan líka, en það var mikill minni hluti. Megnið af kjörseðlum voru því sennilega óvarðir frá upphafi kosninga uns þeir voru komnir í hendur Landskjörstjórnar.
6. Eins og þekkt er orðið var mjög mikið um vafaatkvæði. Ástæðan var fyrst og fremst tæknileg en skannarnir náðu ekki að lesa mjög stóran hluta atkvæða. Af þeim sökum bárust afar mörg vafaatkvæði kjörstjórnnum til fyrsta úrskurðar. Þetta skapaði mikil vandræði, enda vorum við á engan hátt undirbúin fyrir þessa holskeflu.

Innsláttaraðilar voru ráðnir til starfa vegna talningar. Um er að ræða Flensborgarkórinn (aðallega foreldra) og starfsmenn Skyggnis, sem einnig sáu um tölvuvinnslu. Innsláttaraðilar voru látnir skrifa undir trúnaðareið. Velta má fyrir sér hvaða kunnáttu eða kennslu innsláttaraðilar fengu því að mati undirritaðs virtust margir innsláttaraðilar ekki hafa mikla þekkingu á starfi sínu, sem kom niður á vönduðum vinnubrögðum.

Úrlestur (að úrskurða um vafaatkvæði) fór þannig fram að einn innsláttaraðili og einn Land- / Yfirkjörstjórnarfulltrúi voru við hverja gátt. Ákvarðanir tók fulltrúi Landskjörstjórnar.

Vegna hægagangs var farið í að setja tvo innsláttaraðila á hvern kjörstjórnarfulltrúa. Var sú ráðstöfun gerð, hugsanlega að frumkvæði yfirmanns frá Skyggni sem sennilega var í samráði landskjörstjórn, en þessi yfirmaður hvatti sitt fólk áfram líkt og um kappleik væri að ræða. Þannig sköpuðust aðstæður þar sem hvatt var til hraðvirkra vinnubragðar á kostnað vandvirkni. Þá voru fulltrúar Landskjörstjórnar talsvert fjarverandi vegna fundahalda. En Yfirkjörstjórnarfulltrúar sem störfuðu við kosningarnar voru of fáir.

Innsláttaraðilar virtust ekki meðvitaðir um að ekkert mátti slá inn nema með samþykki landskjörstjórnarfulltrúa. Á stundum sátu sumir innsláttaraðilar einir og slógu inn úrlestur á eigin vegum, sér í lagi á fyrri degi talningar.

Sumir innsláttaraðilar stunduðu „skapandi“ úrlestur, giskuðu á tölur, og breyttu jafnvel svo passaði við frambjóðenda. Fyrir kom að eingöngu síðasta tala var „misskráð“ hjá kjósenda og tóku innsláttaraðilar sér þá stundum vald til að setja inn „réttu“ tölu. Þess ber að geta að kerfið bauð upp á að öllum tölum yrði breytt svo tæknilega séð gátu innsláttaraðilar skráð þá tölu sem þeim hugnaðist.

Innsláttaraðlar áttu að skrá sig inn og út úr kerfi vegna innsláttsins. Fólkið úr Flensborg virti þessa reglu en starfsmenn Skyggnis notuðu „fljótandi“ notenda- og lykilorð þannig að ómögulegt er að rekja hvaða starfsmaður gerði hvað.

Erfitt var fyrir eftirlitsaðila Landskjörstjórnar að stjórna mörgum innsláttaraðilum og þá sérstaklega hærra settum starfsmönnum Skyggnis. Til dæmis settist yfirmaður hjá Skyggni sér niður um kl. 21.45 á sunnudagskvöldi, en ákveðið hafði verið að stöðva talningu kl. 22.00, og fór að „drepa tímann“ við úrlestur. Það mátti hann ekki gera nema fulltrúi yfirkjörstjórnar væri viðstaddur. Það tók fulltrúa kjörstórnar dágóða stund að koma honum í skilning um að hann mætti ekki gera þetta nema fulltrúi kjörstjórnar væri til staðar en það tókst um 22.30. Á mánudagsmorgun komu upp sambærileg atvik. Sérstaklega þarf að huga að aðkomu yfirmanna Skyggnis í þessu sambandi.

7. Bent er á að starfsmenn við talningu voru ekki nægilega vel merktir sem skapaði óþarfa erfiðleika, m.a. varðandi boðleiðir.

Grétar Eiríksson  
Yfirkjörstjórnarfulltrúi  
Reykjavík Suður

